

N d.

421. Frumvarp

til laga um refarækt.

(Eftir 2. nmr. í Nd.)

1. gr.

Öll refabú skulu vera háð dýralækniseftirliti, en þar skal refabú talið, sem refir eru aldir árlangt, hvort sem færri eru eða fleiri.

2. gr.

Bannað er að geyma refi öðrnvisi en í fulltryggum girðingum eða annari örnggri vörslu. Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um tilhögun refagirðinga, geymslu og flutning refa og rekstur refabúa.

Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu hafa sjerstakar gætur á því, að geymsla refa sje höfð svo örugg sem reglugerð ákveður.

3. gr.

Eigi má flytja út refi nema frá þeim refabúum, sem starfað hafa árlangt (12 mánnði) að minsta kosti, og þó því aðeins, að engin næm sýki hafi gengið á búinu síðastl. ár. Vottorð frá dýralækni um heilbrigði dýranna skal fylgja hverri sendingu.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, sem sett verður samkvæmt þeim, varða sektum til rikissjóðs, 20—5000 kr. Skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir:

Ákvæði 3. gr. koma ekki til framkvæmda á árinu 1929 að öðru leyti en því, að öllum þeim dýrum, sem út eru flutt, skal fylgja heilbrigðisvottorð dýralæknis.